



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Sjálfstæðisflokkurinn

Sendandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu ráðninga

Á fundi skóla- og frístundaráðs, dags. 14. júní 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að upplýsingar liggi fyrir sem fyrst um stöðu ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum.

Svar:

Í tengslum við framangreinda fyrirspurn var þann 25. ágúst sl. send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum.

Í leikskólum á eftir að ráða í 122 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, í sérkennslu og stjórnun. Til samanburðar átti eftir að ráða í 74,5 af þeim stöðugildum þann 19. ágúst 2021. Að auki á eftir að ráða í samtals 31,7 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf. Þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Samtals á því eftir að ráða í 153,7 stöðugildi. Leikskólarnir eru 66 talsins og hefur fjórðungur þeirra náð að fullmanna en rúmlega helmingur á eftir að ráða í 0,5-3 stöðugildi hver. Mest á eftir að ráða í nýju leikskólana og nýjar deildir, en tæpur þriðjungur þeirra stöðugilda sem á eftir að ráða í er vegna þeirra. Ef ekki er tekið tillit til þessa nýju leikskóla standa ráðningar ekki mjög ósvipað því sem þær voru í fyrra á sama tíma en þá átti eftir að ráða í 105,5 stöðugildi alls samanborið við 153 nú.

Í grunnskólum á eftir að ráða í 57,5 stöðugildi samanborið við 53,7 stöðugildi þann 19. ágúst 2021. Ráðningar í grunnskólum ganga almennt nokkuð vel. Nánast allir þeir skólar sem eru enn að vinna í ráðningum eru að leita að starfsfólki í færri en sem nemur 3 stöðugildum.

Í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 83,7 stöðugildi eða um 162 starfsmenn sem er mjög sambærilegt stöðunni eins og hún var 19. ágúst 2021 þegar átti eftir að ráða í 81,3 stöðugildi eða um 159 starfsmenn. Ráðningar inn í frístundaheimilin fara oftast seinna af stað en í leikskólum og grunnskólum þar sem fyrst og fremst er um hlutastörf að ræða og mikið um að námsmenn taka að sér þessi störf. Tölurnar breytast því frá degi til dags meðan gengið er frá ráðningum.

Staðan á ráðningum verður tekin næst um miðjan september.